

Novopan Undirgólf Spaandex K-Undirgólf

Í tengslum við Green-Line-vörulínuna



Mix 70% SA-COC-001223

Uppsetningarleiðbeiningar

Uppsetningarleiðbeiningarnar eiga við um lögn á undirgólfi:

SPAANDEX K-GULV P6

SPAANDEX UNIPAN K-GULV P6/P5

kronospan
NOVOPAN TRÆINDUSTRI

SPAANDEX K-GULV fyrir undirgólf

Þessar uppsetningarleiðbeiningar eiga við um lögn undirgólfs með notkun á SPAANDEX K-GULV eða SPAANDEX UNIPAN K-GULV frá NOVOPAN TRÆINDUSTRI A-S. Lesið leiðbeiningarnar vandlega áður en vinna hefst.

SPAANDEX K-GULV er notað sem undirgólf í uppfituðum herbergjum (notkunarflokkur 1). SPAANDEX UNIPAN K-GULV er fánlegt í tveimur gerðum og er notað sem undirgólf í óuppfituðum herbergjum (notkunarflokkur 2). Plöturnar eru auðþekktanlegar á grænum viðarkjarna. Þær eru af tveimur mismunandi gerðum sem hvor um sig fást í fjórum afbrigðum...

- Undirgólf á bitum
- Undirgólf með samskeyti á milli bita
- Fljótandi undirgólf á undirlagi
- Fljótandi undirgólf lagt á eldra gólf

ATH.! Byrjið í vinstra horni. Látið grópina vísa fram. Látið stimpla vísa upp.




GERÐIR UNDIRGÓLFA

UNDIRGÓLF Á BITUM/LEKTUM

Gólfspónaplöturnar má nota sem undirgólf þar sem plöturnar eru lagðar á bita/lektur.

1. SPAANDEX K-GULV eða SPAANDEX UNIPAN K-GULV
2. Lektur
3. Einangrun




UNDIRGÓLF SEM LEYFIR SAMSEYTI Á MILLI BITA

Þónagólfplöturnar eru lagðar á bita/lektur með samskeyti á milli prófílanna/lektanna.

Þessa aðferð má AÐEINS nota í rými þar sem álag fer ekki yfir 300 kg/m² – eins og á við um flest venjuleg herbergi í íbúðarhúsnæði.

1. SPAANDEX K-GULV eða SPAANDEX UNIPAN K-GULV
2. Bitar eða lektur
3. Rakasperra, lág. 0,20 mm PE-þynna
4. Undirlag, t.d. steyp




FLJÓTANDI UNDIRGÓLF

Spónagólfplöturnar eru ekki festar og geta hreyfst til óháð undirlaginu. Yfirleitt eru spónaplöturnar lagðar á pressupolið einangrunarefni, svo sem EPS 250.

Fljótandi undirgólf má einnig nota við endurnýjunarverk þar sem rétta þarf af eldra gólf, t.d. eldra viðargólf.

1. SPAANDEX K-GULV eða SPAANDEX UNIPAN K-GULV
2. Má nota gólfpappa
3. Rakasperra, lág. 0,20 mm PE-þynna
4. Pressupolið einangrunarefni, t.d. EPS 250
5. Afréttingarlag á undirlagi





NÓTAÐAR NOVOPAN SPÓNAGÓLFPLÖTUR ERU FÁANLEGAR Í EFTIRFARANDI GÆÐAFLOKKUM ...

- SPAANDEX K-GULV P6, uppfylla kröfur um styrkleika- og stífleika skv. EN 312 P6.
- SPAANDEX UNIPAN K-GULV P6/P5, eru með grænan viðarkjarna og uppfylla kröfur um styrkleika og stífleika skv. EN 312 P6, en einnig tæknilegar kröfur

um fúgur skv. EN 312 P5. Spónagólfplatan þolir vel vatn í hóflegu magni og er notuð í undirgólf.

Gæðaflokkunina má sjá á merkingunni á spónagólfplötunum að ofanverðu. Plöturnar eru 22 mm á þykkt og búnar tvöföldum prófil á fjórum hliðum. Það tryggir örugga og varanlega áfestingu.

Gerð Rýmis /Notkunarflokkur	Samsetning Plötunnar	Vara	Þykkt Plötu mm	Ummál mm	Flokkun:	
					EN	Brunaflokkun
Upphitað Rými Notkunarflokkur 1	Á bitum	SPAANDEX K-Gulv	22	2400 × 600 1800 × 600	312 P6	D ₁ -s1
	Fljótandi	SPAANDEX K-Gulv	22	2400 × 600 1800 × 600		
Óupphitað Rými Notkunarflokkur 2	Á bitum	SPAANDEX Unipan K-Gulv P6/P5	22	1800 × 600	312 P6/P5	D ₁ -s1
	Fljótandi	SPAANDEX Unipan K-Gulv P6/P5	22	1800 × 600		
	Fljótandi*	SPAANDEX Unipan K-Gulv P6/P5	22	2400 × 600	312 P6/P5	D ₁ -s1

*Flekagólf

UPPLÝSINGAR UM VÖRU OG NOTKUNARVÍSIR

NOTKUNARFLOKKUR 1

Flokkurinn EN 312 P6 á við um spónagólfplötur sem nota skal í rými sem er alltaf upphitað og hlutfallslegur loftraki fer aðeins yfir 65% nokkrar vikur á ári – en það á við um flest venjulegt íbúðarhúsnæði.

Spónaplöturnar eru merktar:


CE 1073-CPD-803 NOVOPAN ártal EN 13986 – EN 312 P6 E1-FLOORING-Dfl-s1 – 22 mm > 600 kg/m³ – Dagsetning framleiðslu – Þessi hlið upp

NOTKUNARFLOKKUR 2

eiga við spónagólfplötur sem nota skal í rými sem er alltaf upphitað og hlutfallslegur loftraki fer ekki yfir 85% nema nokkrar vikur á ári – en það á t.d. við um rishæðir sem ekki er búið í, loftræstar byggingar sem raki er í eða sumarhús.

Spónaplöturnar eru merktar:

CE 1073-CPD-803 NOVOPAN ártal EN 13986 – EN 312 P6/P5 E1-FLOORING-Dfl-s1 – 22 mm > 600 kg/m³ – Dagsetning framleiðslu – Þessi hlið upp



FLUTNINGUR OG GEYMSLA

Spónagólfplötur verður að meðhöndla með þeim hætti að kantar og yfirborðsflétir laskist ekki og þær þarf að geyma á þurrum stað þar sem þær liggja láréttar. Þær verður ævinlega að verja gegn raka.

ÆDLÖGUN

Spónagólfplöturnar þurfa ALLTAF að fá

hæfilega aðlögun - án umbúða - í u.þ.b. eina viku áður en þær eru lagðar, í rýminu þar sem á að nota þær. Áður en uppsetning hefst þarf að ljúka allri múr- og slípivinnu og byggingin verður að vera þurr og laus við byggingarvinnuraka (hám. 65% RF), upphituð að minnst 18° C og vel loftræst. Verður að geyma á sléttu undirlagi. Spónagólfplöturnar verður ALLTAF að geyma í vel loftræstu rými og varðar gegn raka.

Undirgólf


SPAANDEX K-GULV og SPAANDEX UNIPAN K-GULV má nota sem undirgólf með burðargetu í jafnt nýbyggingar sem og við endurnýjunarverk þar sem spónaplöturnar eru lagðar á bita/lektur. Uppbyggingin gefur gott færi á að leiða pípur og raflagnir á milli bitanna eða í lekturnar. Undirgólfið og undirstöðurnar mynda slétt og traust undirlag fyrir endanlega gólfefnið, sem getur verið t.d. plastparket, línóleum eða teppi.

RAKASPERRA

Almennan reglan er að leggja ævinlega rakasperru á steypu til að koma í veg fyrir rakaskemmdir í bitum og gólfefni. Þetta á einnig við um gólf milli hæða. Hægt er að nota plastþynnu (PE) sem rakasperru og skal hún vera minnst 0,20 mm. Plastþynnann skal vera CE-merkt í samræmi við DS/EN 13984 eða DS/EN 13859-1.

Rakasperran er lögð með minnst 150 mm yfirlögn og hana þarf að líma saman með límbandi á öllum samskeytum. Rakasperran er lögð upp með veggjum og fest við gólflistana. Sjá SBI-leiðbeiningar 224.

1. Biti
2. Rakasperra, lág. 0,20 mm PE-þynna
3. Einangrað röð
4. Skorðun
5. Undirlag, t.d. steyp




RADONVÖRN

TALLA jafna er steipt plata með rýrnunarvörn álitin radonheld en ef rakasperran er lögð þétt við gefur það enn meiri vörn gegn radónisogi. Áður en rakasperran er lögð þarf að þétta við kuldabruna meðfram grunninum, við þenslubíl í steypuplötunni og utan um lagnir. Við það má m.a. nota múrþynnur sem eru límdar fastar með bútýlborða. Notkunarreglur og ítarupplýsingar má finna í

SBI-leiðbeiningum 233, „Radonvörn í nýbyggingum“, TRÆ 56 „Hús með viðargrind“ og TRÆ 64 „Lögn viðargólfa“.

1. Radonsperra
2. Rakasperra, lág. 0,20 mm PE-þynna
3. Skorðun
4. Steypa
5. Límborði (á gólfi og á vegg)



UNDIRSTÖÐUR OG SKORÐUNARKLOSSAR

Við lögn má raki í bitum/lektum ekki fara yfir $8 \pm 3\%$. Líming á bita. Í þeim tilvikum þar sem nota á gegnheila fleka/bita og rakainni haldið fer yfir 11% í bitunum og 13% í flekunum ætti að líma gólfspónaplöturnar á bitana. Ráðlagt er að nota plasthúðaða bita (Kerto) sem eru alltaf beinir og með rétt rakainnihald. Hafið í huga að bitar/lektur verða að vera í réttum stærðum og hafa

rétta undirstöðu. Undirstaðan er lögð með miðjufjarlægð að hámarki 600 mm eða í samræmi við álagsflokk. Bitana má skorða með plastfleygum, krossviðarkubbum, hörðum trefjaplötum eða sambærilegu efni. Plastfleygar og plastkeilur verða að vera með skráðan endingartíma og af réttir stærð miðað við álag. Skorðunarklossar úr viði verða að vera minnst 100 cm² og vera með mjúkum kubbi að neðan. Skorðunarklossar eru varðir fyrir raka og álagi frá rakasperunni með undirlagi úr t.d. tjörupappa.

Fjarlægð milli skorðunarklossa er gefin upp í töflunni.

Notálagflokkur EN 1991-1-1 (á aðeins við um íbúðarhúsnæði Q=2kN)	Kerto Bitar 10000 Mpa	
Ummál Bitar B x H mm	40 x 39	40 x 63
Bil Milliskorðunarklossa i mm	500	800

Varðandi aðrar bitastærðir og álagsflokka en hér eru nefndir er bent á TRÆ 64 „Lögn viðargólfa“. Sjá nánar á www.traeinfo.dk. Við enda bitanna skal minnka bil milli skorðunarklossa um minnst 10%.

GÓLF MEÐ VENJULEGU ÁLAGI

Leggja þarf viðbótarbita eða -lektu meðfram veggjum, þar sem álag er yfirleitt meira en annars staðar. Uppgefið bil milli bita að hámarki 600 mm frá miðju að miðju á AÐEINS við þegar lagt er undirgólf á bita/viðarlektur með há. álag 300 kg/

m² og punktálag að hámarki 2,0 kN. Sé um meira og viðvarandi álag að ræða, t.d. í fyrirlestrarsölum, skólaflokkum, geymslurými eða skjalasöfnum með mörgum, þungum hillum verður að minnka bilið á milli bita/lekta, sbr. töflu.

* Plötulengd 1800 mm.

Notálagflokkur	Bil Milli Undirstöðuhluta mm	Gólf Undir Övenju Miklu Álagi	
		Álag kg/m ²	Sveigja mm
Venjulegt íbúðarhúsnæði Skrifstofur og almennt vinnuhúsnæði (Má leggja með samskeyti á milli bita)	600	300	0,6
Fyrirlestrarsalir, kennslustofur og svalir	400 / 360*	400	0,2
Verslunarhúsnæði, geymsluhúsnæði, fundarsalir	300	600	0,1

Varðandi aðra álagsflokka en hér eru nefndir er bent á TRÆ 64 „Lögn viðargólfa“. Sjá nánar á www.traeinfo.dk

Notkunarvið	Understøttingsafstand mm	Gulve med normal belastning	
		Belastning kg/m ²	Nedbøjning mm
Venjulegt íbúðarhúsnæði, skrifstofur og venjulegt vinnuhúsnæði	480 / 450*	500	0,6
Fyrirlestrarsalir, kennslustofur og svalir	400 / 360*	700	0,6
Verslunarhúsnæði, geymslúhúsnæði, fundarsalir og skjálasöfn	300	800	0,6

Varðandi aðra álagsflokka en hér eru nefndir er bent á TRÆ 64 „Lögn viðgólfa“. Sjá nánar á www.traeinfo.dk

* Plötulengd 1800 mm.

GÓLF UNDIR ÓVENJU MIKLU ÁLAGI

Hafið í huga að bitar/lektur og skorðunarklossar verða að vera í réttum stærðum fyrir þennan álagsflokk. Gert er ráð fyrir jafnri dreifingu álags. Dæmin sem hér eru sýnd eiga við um notkunarvið 1 og 2 við hámarks punktálag 2,0 kN, sem jafngildir álagsflokkum A og B, EN 1991-1-1.

LÖGN BITA

Til að styrkja plötukantana - meðfram veggjunum - eru lagðir bitar með 40 mm hámarksfjarlægð frá veggjum. Til að styrkja undirstöðuna enn meira má leggja 700 mm viðbótarbita í bilið á milli bitanna (hornrétt frá vegnum) og helminga þannig bilið á milli þeirra. Aðrir bitar eru lagðir jafnt með miðju fjarlægð að hámarki 600 mm, sbr. töflur hér að ofan. Fjarlægðin á milli fyrsta og annars bita minnkar um 30% miðað við fjarlægðina á milli hinna bitanna.

Skorðunarklossar eru festir á bitana með saumi.

1. Gólfklæðning, t.d. línóleumdúkur
2. 22 mm SPAANDEX K-GULV
3. Þenslufúga
4. Kambsaumur/skrúfa með stuttum skruífangi
5. 40 × 39 mm KERTO biti
6. Skorðun
7. Steinull
8. Lág. 0,20 mm PE-þynna
9. Steypupekja

PENSLUBIL



Til að gefa svigrúm fyrir þenslu yfirborðsflatarins vegna rakaísogs verður að gæta þess að hafa bil við vegg, súlur og lagnir, að lágmarki 12 mm. Þegar lagt er á gólfplöt yfir 15 metra þarf að hafa þenslubilið að lágmarki 15 mm. Þenslubilið má gera með ýmsum aðferðum, t.d. með álprófilum frá MIGUA eða sambærilegum prófilum. Sjá einnig TRÆ 64, TRÆ 37.

vera yfir 300 mm. Undirlag úr 13 mm þykku gólfgrísi er skrúfað í hnitnet 200 × 200 mm ofan á spónagólfplötturnar. Einnig er hægt að líma og skrúfa gólfgríspötuna við spónaplötuna, t.d. með Alfix Readyflex. Þetta gefur sterkt og traust undirlag fyrir lögn á keramísku efni í þurrum herbergjum.

1. Gólfklæðning, t.d. línóleumdúkur
2. 22 mm SPAANDEX K-GULV
3. Þenslufúga
4. Kambsaumur/skrúfa með stuttum skruífangi
5. 40 × 39 mm KERTO biti
6. Skorðun
7. Steinull
8. Lág. 0,20 mm PE-þynna
9. Steypupekja

FJARLÆGÐ MILLI BITA VIÐ LÖGN KERAMÍSKS GÓLFFENIS

Hafið í huga að bitar/lektur og skorðunarklossar verða að vera í réttum stærðum. Fjarlægð að miðju á milli bitanna má ekki




Uppsetning

UNDIRGÓLF

SPAANDEX K-GULV og SPAANDEX UNIPAN K-GULV eru lögð á víxl með minnst 300 mm færslu og þversum yfir bitana/lektarnar með réttuna upp, þ.e. merktu hliðina, og með endasamskeytin á miðjunni á bitunum/lektunum. Samskeyti milli bita má aðeins nota í venjulegu íbúðarhúsnæði. Spónagólfplöturnar eru lagðar með miðjuþjálægð að hámarki 600 mm á milli bita/lekta og leitast skal

við að þekja minnst tvö bil milli bita/lekta. Jaðrana á spónagólfplötunum sem snúa að veggjum og hurðum eða öðrum opum verður að styrkja með undirstöðum.

1. Millifleygar
2. Spónagólfplötur
3. Einangrun




- UNDIRGÓLF MEÐ SAMSEYTI Á MILLI BITA

SPAANDEX K-GULV og SPAANDEX UNIPAN K-GULV er vottað fyrir lögn með samskeyti á milli bita, þ.e. endasamskeytum á milli burðarbita/-lekta. Vottunin gildir AÐEINS þegar hámarksálag er 300 kg/m².

Lögnin skal vera eins og lýst er í „Undirgólf“ og í samræmi við eftirfarandi leiðbeiningar:

- Snúið stimpluðu hliðinni á spónagólfplötunum upp.
- Endasamskeytin skulu hafa færslu sem nemur minnst 300 mm.

1. Millifleygar
2. Spónagólfplötur
3. Rakasperra
4. Skorðun
5. Steypt undirlag
6. Lausholt meðfram öllum jöðrum rýmisins



SAMSETNING OG ÁFESTING

Spónagólfplöturnar má festa á bita/lektur með sjálfborandi skrúfum með stuttum skrúfgangi, kambsaumi, hringsaumi eða sambærilegum festingum. Plöturnar eru skráfaðar/negldar með há. 150 mm millibili á öllum plötujöðrum sem eru undirstöður og með há. 300 mm millibili á öllum milliundirstöðum. Gerð eru 1-2 mm göt fyrir nagla/skrúfur og það má EKKI sparsla í götin, þar sem það getur seinna meir orsakað misfellur á yfirborðinu.

Skrúfur eru öruggasta festingin fyrir spónagólfplötur og því er mælt með notkun þeirra. Plata-flex er auðvelt og fljótlegt að skrúfa í með gólf- og loftskrúfuvélinni Split 217 með EX 580 framlengingu. Ef nota á byssusam þarf að þrýsta spónagólfplötunni og bitanum saman áður en áfesting hefst! Við áfestingu má nota sjálfborandi skrúfur með stuttum skrúfgangi, kambsaum, hringsaum eða sambærilegar festingar.



Ráðlögð Áfesting Fyrir 22 Mm Spónagólfplötur	
Spónaplötuskrúfur með stuttum skrúfgangi	4,5 x 60 mm
NKT-Fasteners Spun+ skrúfur með stuttum skrúfgangi, CE-merktar	4,5 x 60 mm
NKT-Fasteners naglar, með hring- og spiralskrúfgangi, CE-merktir	4,2 x 55 mm
Paslode-hringsaumur með stórum haus, CE-merktur	2,8 x 63 mm

- FLJÓTANDI UNDIRGÓLF

SPAANDEX K-GULV og SPAANDEX UNIPAN K-GULV P7 má nota á fljótandi undirgólf á sléttu og jöfnu undirlagi (± 2 mm mælt með yfir 2 m langri réttsskeið). Sem millilag má t.d. nota gólfþappa. Á steipt undirlag skal leggja rakaserru, t.d. minnst 0,20 mm PE-þynnu. Rakaserran þarf að vera með minnst 150 mm yfirlögn. Festa skal öll samskeyti með límbandi. Rakaserran er lögð upp með veggjum og fest við góflistana. Spónagólfplöturnar eru lagðar á víxl með

minnst 300 mm færslu á pressupolið einangrunarefni, t.d. EPS 250.

1. Millifleygar
2. Spónagólfplötur
3. Gólfþappi
4. Rakaserra
5. Pressupolið einangrunarefni
- Troðinn sandur

- FLJÓTANDI GÓLF LAGT Á ELDRA GÓLF

Áður en vinna hefst þarf að meta ástand eldra gólfsins. Gólfborðin verða að vera traust og negld föst við undirlagið – hugsanlega þarf að negla borðin aftur. Undirlagið verður að vera slétt með hámarksvikmörk ± 2 mm, mælt með yfir 2 m langri réttsskeið. Eldra viðargólf má slétta með heflun eða með flotmassa sem hentar fyrir við. Gólfþappi er notaður sem millilag. Ef undirlagið er úr lífrænu efni er yfirleitt ekki lögð rakaserra, þar sem það getur valdið hættu á sveppagróðri og fúa.

SPAANDEX K-GULV og SPAANDEX UNIPAN er lagt á víxl með minnst 300 mm færslu

1. Millifleygar
2. Spónagólfplötur
3. Gólfþappi
4. Eldra viðargólf

LÍMING

Líming getur farið fram þegar spónagólfplöturnar eru komnar á endanlegan stað. Límið er borið á í einni verklotu með tvöfalda stútnum. Límið er borið á efri hluta beggja hliðanna. Hæfilegt magn er u.þ.b. $\frac{3}{4}$ lítrar af lími á hverja 25 lengdarmetra.

- Þegar verið er að líma efni í notkunarflokkum 1 og 2 er mælt með einþátta D3 PVAc-lími.
- Notið nægilega mikið lím til að það sjáist greinileg ummerki um það á samskeytunum –umframlímið er strokið af.

Farið vandlega eftir leiðbeiningum frá söluaðila límsins, einkum hvað varðar hitastig efnisins og hitastig herbergis. Spónagólfplöturnar þurfa að þorna í u.þ.b. sólarhring eftir límingu. Á því tímabili má hvorki ganga á gólfinu né setja neitt á það.

EFTIRMEÐHÖNDLUN

Öll samskeyti þarf að slípa áður en annað efni er lagt á, t.d. teppi, línóleum, vínýldúkur eða svipuð efni, þar sem samskeyti eða aðrar misfellur á plötunum geta annars sést í gegnum þunnt gólfefni. Fullunnið undirgólfið þarf að verja gegn ofþurrki/ uppgufun, t.d. með PE-þynnu, þar til endanlegt yfirgólfeffni er lagt á.

SPAANDEX UNIPAN K-UNDIRGÓLF P6/P5 HERTAR NOTKUNARREGLUR

FYRIR UPPSETNINGU

Við notkun á löngum byggingartíma, þar sem lektur og plötur kunna að fá á sig ofankomu, þarf að hreinsa vatn, ís/hrím og snjó af lektunum.

LÍMING

Nota skal límgerð sem hæfir uppsetning-araðstæðum hverju sinni, t.d. gerð sem hentar viði með hærra rakainnihald eða frost. Leitid ráða hjá söluaðila líms við val á réttri límgerð. Bera skal nægilega mikið lím á samskeytin á plötunum til að það tryggi að ekkert vatn geti komist að jöðrunum. Einnig skal bera lím á bitana. Límið er borið á með tvöföldum stúti, þannig að það séu tvær límrákir á bitunum.

FESTING

Fimm skrúfur við endabitana og þrjár á aðra bita. Við plötujáðrana er bilið á milli skrúfanna 150 mm.

SLÍPUN

Ef plöturnar hafa orðið fyrir mikilli uppgufun eða komist í beina snertingu við vatn þarf að gera ráð fyrir viðbótarslípun á samskeytum.

GÓLFHITI

Spónagólfplötur má nota á upphitun gólf, jafnt vatns- sem rafmagnshitun.

Gólfhitakerfi sem nota vatn verða að vera með samveitustjórnun og stillt þannig að hiti inntaksvatns geti ALDREI farið yfir 40–45° C (mest 27° C á fullfrágengnu gólfi). Fylgið vandlega leiðbeiningum söluaðila við uppsetningu hitakerfisins.

KRONOSPAN ApS býður einfalda gólfhitunarlausn með vatni, NOVOPAN KLIMAGULV fyrir jafnt þurr rými sem votrymi. Skoðuðu bæklingana á www.novopan.dk – eða nældu í eintak í næstu byggingavörverslun.



SPÓNAPLÖTUR OG UMHVERFISVERND

Stærstur hluti þess hráefnis sem notað er við framleiðslu NOVOPAN spónaplatna er endurnýtanlegar aukaafurðir sem falla til við t.d. aðra viðarframleiðslu, viður sem hefur verið notaður sem umbúðir, byggingatimbur o.þ.h.

Sá hluti hráefnisins sem er áður óunnið tré er einkum úr PEFC- eða FSCvottuðum viði. Slík vottun tryggir að hráefnið sé úr sjálfbærri skógrækt.



GÆÐAVOTTUN

Allar spónaplötur frá NOVOPAN TRÆINDUSTRI A-S eru framleiddar, skoðaðar og merktar í samræmi við gildandi gæðakröfur og leiðbeiningar. Allar spónaplötuvörur frá NOVOPAN TRÆINDUSTRI A-S uppfylla kröfur varðandi magn formaldehýðs og eru vottaðar af Dancert og CE-merktar, sem tryggir að vörurnar hafa sætt strangasta eftirliti fyrir spónaplötuvörur.



ÞJÓNUSTA OG SALA

Fáðu frekari upplýsingar um KRONOSPAN ApS og fjölbreytt úrval fyrirtækisins af spónaplötuvörum á www.novopan.dk. Spónaplötur frá KRONOSPAN ApS er hægt að fá sendar heim frá byggingavörverslunum og timbursölum um land allt.

MUNIÐ ...

- Veljið gólfplötur með hliðsjón af notkunarflokkinum
- Plötur eru láttnar aðlagast í eina viku í ví rými þar sem á að leggja þær

- Rakastig í bitum má mest vera 8±3%
- Líming á bita. Í þeim tilvikum þar sem nota á gegnheila fleka/bita og rakainni haldið fer yfir 11% í bitunum og 13% í flekunum ætti að líma gólfspónaplötur á bitana
- Besta áfestingin fæst með skrúfum með stuttum skrúfgangi
- Notið rakasperru ef þess er þörf – hana þarf að staðsetja rétt til að verja efnið raka sem leitar upp
- Leggið aldrei rakasperru á lífrænt efni
- Hugðið að réttu undirstöðubili fyrir burðarbita
- Bilið á milli fyrsta og annars bita á að minnka um 30%
- Þenslubil við gólfplöt skal vera > 15 lbm
- Notið ríflega af lími – u.þ.b. ¼ lítrar af lími á hverja 25 lengdarmetra af plötum
- Sparslið ekki í skrúfugöt
- Leggið lag af gólfþappa þegar lagt er fljótandi gólf
- Fjarlægjið allt eldra gólfefni áður en gólf klæðning er lögð
- Slípið öll plötusamskeyti
- Notið brúnabita við allar óvarðar plötubrúnir
- Skrúfufjöldi/m² u.þ.b. 16 stk.

MEÐHÖNDLUN

- Með hliðsjón af viðmiðunarreglum Vinnueftirlitsins um lyftur skulu minnst tveir menn annast handvirkan flutning og lyftu á plötum
- Notið vinnuhanska í flokki 2 skv. EN 388 við meðhöndlun
- Notið hlífðargleraugu og öndunarhlífar við alla vinnu með plötur
- Þyngd spónaplötu sem er 620 x 1820 x 22 mm: 18 kg
- Þyngd spónaplötu sem er 620 x 2420 x 22 mm: 24 kg

kronospan
NOVOPAN TRÆINDUSTRI

Kronospan ApS
Pindstrup | 8550 Ryomgård |
Tlf. 8974 7400 |
sales@kronospan-dk.dk |
www.novopan.dk